

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 2F 2023

## Áframhaldandi tekjuvöxtur í kjarnaþjónustu

---

- Tekjur á öðrum ársfjórðungi (2F) 2023 námu 6.283 m.kr. samanborið við 6.036 m.kr. á sama tímabili 2022 og jukust um 4,1%. Enn er tekjuvöxtur í kjarnaþjónustu Símans, en tekjur af farsíma, gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu aukast um tæp 9% á fjórðungnum. Vörusala búnaðar dregst saman um 17,5%.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 1.410 m.kr. á 2F 2023 og eykst því um 11 m.kr. eða 0,8%. EBITDA hlutfallið er 22,4% fyrir 2F 2023 en var 23,2% á sama tímabili 2022. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 362 m.kr. á 2F 2023 samanborið við 682 m.kr. á sama tímabili 2022.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 145 m.kr. á 2F 2023 en námu 165 m.kr. á sama tímabili 2022. Fjármagnsgjöld námu 263 m.kr., fjármunatekjur voru 124 m.kr. og gengistap nam 6 m.kr.
- Hagnaður á 2F 2023 nam 179 m.kr. samanborið við 410 m.kr. hagnað af áframhaldandi starfsemi á sama tímabili 2022.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 8,8 ma.kr. í lok 2F 2023, en voru 8,9 ma.kr. í árslok 2022. Handbært fé í lok 2F 2023 nam 0,7 ma.kr., en var 3,7 ma.kr. í árslok 2022. Staða útlána hjá Símanum Pay var 2,2 ma.kr. í lok 2F 2023, en var 1,7 ma.kr. í árslok 2022.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 55,1% í lok 2F 2023 og eigið fé 18,2 ma.kr.

Orri Hauksson, forstjóri:

„Árið 2023 er fyrsta árið sem Síminn starfar sem hreinræktað þjónustufyrirtæki, eftir að hafa selt Mílu á síðasta ári. Í kjölfar slíkra grundvallarbreytinga er ánægjulegt að sjá tekjur kjarnavara okkar vaxa myndarlega milli ára, þ.e. í interneti, sjónvarpi og farsíma. Auglýsingatekjur sjónvarps eru dæmi um þá aukningu og á sú þjónusta enn talsvert inni vegna nýrra möguleika sem byrjað er að bjóða auglýsendum upp á. Útlán gegnum veltukort okkar njóta einnig heilbrigðs vaxtar og því eru fjármagnstekjur Símans að aukast. Í hávaxtaumhverfi dagsins eru fjármagnsgjöld einnig að aukast, en hófleg skuldsetning félagsins kemur til góða við núverandi aðstæður. Tekjur af talsíma halda áfram sínum fyrirsjáanlega samdrætti og sala búnaðar var auk þess lægri en á sama tíma í fyrra.

Í heild hækkar EBITDA lítillega á fjórðungnum, þar sem kostnaður óx næstum jafn hratt og tekjur. Laun hækkðu hratt í takt við launaþróun í landinu og birgjasamningar eru margir með beina og óbeina tengingu við almenna verðþróun.

Vegna átaks í fjárfestingum undanfarið í sjónvarpsefni og tækni, sem hefur stuttan afskriftatíma en mun með ýmsum hætti styrkja reksturinn til lengri tíma litið, eru hraðar afskriftir á þessu ári. Langtímauppbygging 5G kerfa heldur áfram í samstarfi við Mílu og gamla talsímakerfið verður lagt af um áramót, sem mun spara kostnað á móti lækkandi tekjum í talsíma.

Eins og áður hefur verið kynnt hefur staðið til að draga úr fjárfestingum í sjónvarpsefni næstu misserin. Umfangið gæti dregist enn hraðar saman á síðustu mánuðum ársins en gert var ráð fyrir, þar sem stefnir í skort á sjónvarpsefni frá Bandaríkjunum vegna verkfalla leikara og handritshöfunda. Á móti kemur að íslenskt efni verður sterkt í vetur, svo sem leiknar íslenskar þáttaraðir og þættir um hljómsveitina IceGuys. Áhugaverðir íþróttaréttir munu verða boðnir út með haustinu, en fram er komin ný óvissa um virði slíkra rétta ef nýlunda Samkeppniseftirlitsins varðandi lagalega meðhöndlun þeirra fær að standa. Undir öllum kringumstæðum er Síminn með áætlanir um að bregðast hratt við til að bjóða kröfuhörðum sjónvarpsáhorfendum á Íslandi upp á gæðaeefni.

Framundan eru ýmsar spennandi breytingar. Í fjártækni höldum við áfram að auka þjónustuúrval okkar með ferðapunktum ícelandair og sölu sveigjanlegra ferðatrygginga frá VÍS. Við höfum nýlega samstarfsverkefni með HSÍ um nýstárlega dreifingu á handboltaleikjum í sjónvarpi sem allir landsmenn munu geta nálgast. Fleiri innlendar íþróttagreinar munu vonandi fylgja í kjölfarið á þessari áhugaverðu nýbreytni. Við höfum nýlega gert mestu breytingar á vörusamsetningu okkar í átta ár og frekari nýmæli eru í farvatninu. Við höfum einnig hnikað efnahagsreikningi okkar nær stefnu félagsins um fjármagnsskipan, meðal annars með útgáfu víxla, skuldabréfa og kaupum á eigin bréfum. Breytingarárið 2023 verður áfram viðburðaríkt hjá Símanum.“

## Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu sex mánuðum 2023

### Rekstur samstæðu

Rekstrarreikningur	2F			1H		
	2023	2022	%	2023	2022	%
Rekstrartekjur	6.283	6.036	4,1%	12.581	12.129	3,7%
Kostnaðarverð sölu	( 4.110)	( 3.597)	14,3%	( 8.265)	( 7.359)	12,3%
Rekstrarkostnaður	( 1.811)	( 1.757)	3,1%	( 3.636)	( 3.514)	3,5%
EBIT	362	682	-46,9%	680	1.256	-45,9%
Hrein fjármagnsgjöld	( 145)	( 165)	-12,1%	( 146)	( 73)	100,0%
Tekjuskattur	( 38)	( 107)	-64,5%	( 109)	( 220)	-50,5%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	179	410	-56,3%	425	963	-55,9%
Aflögð starfsemi	0	95	-100,0%	0	288	-100,0%
Hagnaður tímabils	179	505	-64,6%	425	1.251	-66,0%
EBITDA	1.410	1.399	0,8%	2.725	2.726	0,0%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,06	0,05	20,0%	0,13	0,13	0,0%

Sala á 1H 2023 nam 12.581 m.kr. samanborið við 12.129 m.kr. árið 2022, sem er 3,7% vöxtur milli tímabila. Sé horft til kjarnavara félagsins (farsíma, gagnaflutnings og sjónvarpsþjónustu) er tekjuvöxtur 8,2%.

Tekjur af farsíma námu 3.105 m.kr. og hækkuðu um 223 m.kr. eða 7,7% á milli tímabila. Tekjur af talsíma námu 548 m.kr. og lækkuðu um 26,4% á milli tímabila. Tekjur af gagnaflutningi námu 3.955 m.kr. og hækkuðu um 227 m.kr. eða 6,1% á milli tímabila. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 3.633 m.kr. og hækkuðu um 359 m.kr. eða 11,0% á milli tímabila. Tekjur af vörusölu námu 878 m.kr. og drógust saman um 63 m.kr. eða 6,7% á milli tímabila. Aðrar tekjur námu 462 m.kr. og lækkuðu um 97 m.kr. á milli tímabila. Lækkunin er aðallega vegna sölu á fjarskiptabúnaði til Mílu og endursölu á Spotify á 1F 2022, en sé litið framhjá þessum liðum hækka aðrar tekjur um 2,2% á milli tímabila.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 8.265 m.kr. og hækkaði um 906 m.kr. eða 12,3% frá sama tímabili 2022 sem skýrist af auknum afskriftum sýningarrétta og auknum kostnaði frá fjarskiptabirgjum vegna hárrar verðbólgu. Rekstrarkostnaður nam 3.636 m.kr. og hækkaði um 122 m.kr. eða 3,5% frá sama tímabili 2022.

Afskriftir félagsins námu 2.045 m.kr. á 1H 2023 samanborið við 1.470 m.kr. á sama tímabili 2022 og hækka um 575 m.kr. á milli tímabila. Hækkunin er eins og áður hefur komið fram að miklu leyti tengd afskriftum sýningarrétta auk þess sem afskriftir upplýsingakerfa hafa aukist á milli tímabila.

## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar námu samtals 2.726 m.kr. á 1H 2023 samanborið við 2.722 m.kr. á sama tímabili 2022. Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum á 1H 2023 námu 162 m.kr. til lækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 2.564 m.kr. á 1H 2023 samanborið við 3.203 m.kr. á sama tímabili 2022. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 2.164 m.kr. á 1H 2023 samanborið við 2.679 m.kr. á sama tímabili 2022.

Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar sem nemur 12.562 m.kr. á 1H 2023 samanborið við 1.147 m.kr. á sama tímabili 2022. Á 1F 2023 seldi Síminn skuldabréf sem hann fékk í tengslum við söluna á Mílu sem skýrir jákvæðar fjárfestingahreyfingar á fjórðungnum.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar sem nam 17.681 m.kr. á 1H 2023 sem skýrist helst af því að á 1F 2023 var hlutfé félagsins lækkað með útgreiðslu sem nam tæplega 15,6 ma.kr.

Sjóðstreymi	1H 2023	1H 2022
Rekstrarhagnaður tímabils	680	1.256
Afskriftir	2.045	1.470
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	1	(4)
<b>Samtals rekstrarhreyfingar</b>	<b>2.726</b>	<b>2.722</b>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(162)	481
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>2.564</b>	<b>3.203</b>
Nettó greiddir vextir	(6)	(176)
Greiddir skattar	(394)	(348)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>2.164</b>	<b>2.679</b>
Fjárfestingahreyfingar	12.562	(1.147)
Fjármögnunarhreyfingar	(17.681)	(3.670)
<b>Breytingar á handbæru fé</b>	<b>(2.955)</b>	<b>(2.138)</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(39)	(6)
<b>Handbært fé í upphafi tímabils</b>	<b>3.721</b>	<b>3.509</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>727</b>	<b>1.365</b>

## Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 32.975 m.kr. í lok 2F 2023 en voru 51.181 m.kr. í lok árs 2022.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 8.764 m.kr. í lok 2F 2023 samanborið við 8.867 m.kr. í lok árs 2022. Handbært fé í lok 2F 2023 nam 727 m.kr. samanborið við 3.721 m.kr. í árslok 2022. Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum og útlánum Símans Pay voru 5.848 m.kr. í lok 2F 2023 samanborið við 3.449 m.kr. í árslok 2022.

Eigið fé félagsins nam 18.161 m.kr. í lok 2F 2023 og eiginfjárhlutfall félagsins var 55,1%.

Eignir	30.06.2023	31.12.2022
Rekstrarfjármunir.....	2.534	2.466
Leigueignir.....	847	941
Óefnislegar eignir.....	21.839	22.122
Aðrar eignir.....	576	580
<b>Fastafjármunir</b>	<b>25.796</b>	<b>26.109</b>
Verðbréf færð á gangvirði.....	0	15.687
Handbært fé.....	727	3.721
Aðrir veltufjármunir.....	6.452	5.664
<b>Veltufjármunir</b>	<b>7.179</b>	<b>25.072</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>32.975</b>	<b>51.181</b>

Skuldir og eigið fé	30.06.2023	31.12.2022
Eigið fé.....	18.161	35.261
<b>Eigið fé</b>	<b>18.161</b>	<b>35.261</b>
Skuldabréfalán.....	5.963	5.956
Leiguskuldbinding.....	627	731
Viðskiptaskuldir.....	0	639
Tekjuskattskuldbinding.....	200	89
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>6.790</b>	<b>7.415</b>
Aðrar skammtímaskuldir.....	8.024	8.505
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>8.024</b>	<b>8.505</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>32.975</b>	<b>51.181</b>

## Um starfsemina

- Síminn hefur gengið til samstarfs við Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) um dreifingu á íslenskum handbolta til áhorfenda um land allt. HSÍ ríður þar með á vaðið og er fyrsta íslenska íþróttasambandið sem selur sjónvarpsútsendingar beint til viðskiptavina sinna en þetta fyrirkomulag hefur tíðkast í nokkur ár í Bandaríkjunum og kannast t.d. margir við NBA League Pass. HSÍ mun setja upp sjálfvirkan upptökubúnað í öllum keppnissölum og geta þá streymt beint frá öllum viðburðum sem þar fara fram. Viðburðirnir verða síðan aðgengilegir, bæði línulega og ólínulega í Sjóvarpi Símans sem annast allan tæknirekstur, reikningagerð og innheimtu. Þessu til viðbótar verður valinn einn leikur vikulega sem sýndur verður í opinni dagskrá í Sjóvarpi Símans. Síminn væntir mikils af þessu samstarfi enda þróunarverkefni sem mögulega nýtist fleiri íþróttageinum á komandi árum.
- Skráður skuldabréfamarkaður er ekki mikið nýttur til fjármögnunar hjá íslenskum fyrirtækjum þó að vissulega sé þetta vaxandi markaður. Síminn hefur að markmiði að vera með blandaða fjármögnun þ.e. annars vegar bankafjármögnun og hins vegar markaðsfjármögnun. Eftir nokkurra ára hlé frá útgáfu á markaði byrjaði Síminn að gefa út víxla árið 2021 og var útgáfurámi fyrir víxla 2 ma.kr. Viðtökur fjárfesta hafa verið góðar og hefur álag farið stíglækkandi með hverri útgáfu. Næsta skref í markaðsfjármögnun var tekið í lok annars ársfjórðungs þar sem seld voru skuldabréf í lokuðu útboði til 3ja ára að fjárhæð 1,5 ma.kr. með 1,3% álag ofan á 1M REIBOR. Ef aðstæður eru hagfelldar mun Síminn skoða frekari útgáfu á haustmánuðum.

### **Horfur fyrir árið 2023**

Spá fyrir árið 2023 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA samstæðunnar verði á bilinu 5,9 til 6,3 ma.kr. Áætlað er að fjárfestingar verði á bilinu 3,6 til 3,9 ma.kr. án fjárfestinga í tíðnileyfum.

### **Kynningarfundur 23. ágúst 2023**

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 23. ágúst 2023 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu Orri Hauksson forstjóri og Óskar Hauksson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/fjarfestar/uppgjor-og-arsskyrslur>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í netstreymi á vefslóðinni: <https://www.siminn.is/fjarfestakynning>.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á [fjarfestatengsl@siminn.is](mailto:fjarfestatengsl@siminn.is) og verður þeim svarað í lok fundarins.

### **Fjárhagsdagatal 2023**

Uppgjör 3F 2023	24. október 2023
Ársuppgjör 2023	20. febrúar 2024
Aðalfundur 2024	14. mars 2024

### **Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:**

Orri Hauksson, forstjóri Símans (orri@siminn.is)

Óskar Hauksson, fjármálastjóri Símans (oskarh@siminn.is)